Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1868-1873

Aðfnr. 2224, örk 8

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir í

**Borgarfjarðar- Gullbringu og Kjósar- Árness- Rángárvalla- og Vestmannaeya-sýslum, samt Reykjavíkur kaupstað**

frá miðju maímánaðar **1871** til sama tíma **1872**.

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| | **A. Fríður peníngur:** | | | | | |
| 1. | 1 c 1 Kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum Október til Nóvembermánaðar loka, í fardögum . . . . . . . à | 40 | 48 | 40 | 48 | 32,4 |
| 2. | — 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum, hver à | 5 | 9,3 | 30 | 56 | 24,5 |
| 3. | — 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . . . — - | 6 | 27,7 | 37 | 70 | 30,2 |
| 4. | — 8 — tvævetrir . - — . . . . . . . — - | 4 | 83,1 | 38 | 89 | 31,1 |
| 5. | — 12 — veturgamlir - — . . . . . . . — - | 3 | 54,4 | 42 | 77 | 34,2 |
| 6. | — 8 ær geldar . . - — . . . . . . . — - | 4 | 37 | 35 | 8 | 28 |
| 7. | — 10 — mylkar . . - — . . . . . . . — - | 3 | 22 | 32 | 28 | 25,8 |
| 8. | — 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum à | 18 | 69 | 18 | 69 | 15 |
| 9. | — 1⅓ hryssu, á sama aldri . . . . . . . hver à | 12 | 74 | 17 | 3 | 13,6 |
| | **B. Ull, smjör og tólg:** | | | | | |
| 10. | 1 c 120 ℔ af hvítri ullu, vel þveginni . . . . pundið à | » | 29,6 | 37 | » | 29,6 |
| 11. | — 120 - af mislitri ullu, vel þveginni . . . . . — - | » | 22,5 | 28 | 12 | 22,5 |
| 12. | — 120 - af smjöri, vel verkuðu . . . . . . . — - | » | 28 | 35 | » | 28 |
| 13. | — 120 - af tólg, vel bræddri . . . . . . . . — - | » | 17,8 | 22 | 24 | 17,8 |
| | **C. Tóvara af ullu:** | | | | | |
| 14. | 1 c 30 ℔ hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði, pundið à | » | 64 | » | » | » |
| 15. | — 60 pör eingirnissokka . . . . . . . . parið à | » | 34,7 | 21 | 66 | 17,4 |
| 16. | — 30 — tvíbands gjaldsokka . . . . . . . . — - | » | 54 | » | » | » |
| 17. | — 180 — sjóvetlínga . . . . . . . . . . — - | » | 11,1 | 20 | 78 | 16,6 |
| 18. | — 20 eingirnispeisur . . . . . . . . . . . hver à | 1 | 23 | » | » | » |
| 19. | — 15 tvíbands gjaldpeisur . . . . . . . . . — - | 1 | 79 | » | » | » |
| 20. | — 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs . . 1 alin à | » | 55 | » | » | » |
| 21. | — 120 — einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar . . - — - | » | 41 | » | » | » |
| | **D. Fiskur:** | | | | | |
| 22. | 1 c 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum . . . . vættin à | 5 | 5,5 | 30 | 33 | 24,3 |
| 23. | — 6 — - harðfiski, — —— . . . . — - | 5 | 40 | 32 | 48 | 26 |
| 24. | — 6 — - þyrsklíngi,— —— . . . . — - | 5 | 1,1 | 30 | 7 | 24 |
| 25. | — 6 — - hákarli, hertum . . . . . . . — - | 4 | 64 | 28 | » | 22,4 |
| 26. | — 6 — - ísu, hertri . . . . . . . . . — - | 4 | 71 | 28 | 42 | 22,8 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Ríkismynt | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rdl. | Sk. | Rdl. | Sk. | Sk. |
| | **E. Lýsi:** | | | | | |
| 27. | 1 ℔ 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . . 8 pottar à | 1 | 41,6 | 21 | 48 | 17,2 |
| 28. | — 1 — — - hákarlslýsis . . . . . - — - | 1 | 47,6 | 22 | 42 | 18 |
| 29. | — 1 — — - selslýsis . . . . . . . . - — - | 1 | 56,5 | 23 | 79 | 19 |
| 30. | — 1 — — - þorskalýsis . . . . . . . - — - | 1 | 29,9 | 19 | 64 | 15,7 |
| | **F. Skinnavara:** | | | | | |
| 31. | 1 ℔ 4 fjórðúngar nautskinns . . . . . . . . 10 pund à | 5 | 79,5 | 23 | 30 | 18,7 |
| 32. | — 6 —— kýrskinns . . . . . . . — — - | 4 | 85,3 | 29 | 32 | 23,5 |
| 33. | — 6 —— hross-skinns . . . . . . — — - | 4 | 85,8 | 29 | 35 | 23,5 |
| 34. | — 8 —— sauðskinns, af tvævetrum og eldri . . . . . . . . . — — - | 3 | 5,9 | 24 | 47 | 19,6 |
| 35. | — 12 —— sauðskinns, af veturgömlum og ám . . . . . . . . . — — - | 2 | 25 | 27 | 12 | 21,7 |
| 36. | — 6 —— selskinns . . . . . . . . . — — - | 3 | 87,3 | 23 | 44 | 18,8 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . . hvert à | » | 6,8 | 17 | » | 13,6 |
| | **G. Ýmislegt:** | | | | | |
| 38. | 1 ℔ 6 ℔ af æðardún, vel hreinsuðum . . pundið à | 5 | 69 | 34 | 30 | 27,5 |
| 39. | — 40 - - —— óhreinsuðum . . . . . . . — - | 1 | 73 | 70 | 40 | 56,3 |
| 40. | — 120 - - fuglafiðri . . . . . . . . . 10 pund à | 2 | 92,2 | 35 | 50 | 28,4 |
| 41. | — 40 - - fjallagrösum . . . . . . . — — - | 1 | 40 | 5 | 64 | 4,5 |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . . . . . . . | 1 | 0,1 | 24 | 2 | 19,2 |
| 43. | 5 — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . . . . | 1 | 48,7 | 36 | 17 | 28,9 |

---

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:

| | Rdl. | Sk. | Sk. |
|---|---|---|---|
| *Eptir A. eða í fríðu* . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 32 | 60 | 26,1 |
| — *B.* — *í ullu, smjöri og tólg* . . . . . . . . . . . . . . | 30 | 57 | 24,5 |
| — *C.* — *í ullar tóvöru* . . . . . . . . . . . . . . . . | 21 | 24 | 17 |
| — *D.* — *í fiski* . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 29 | 84 | 23,9 |
| — *E.* — *í lýsi* . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 21 | 82 | 17,5 |
| — *F.* — *í skinna-vöru* . . . . . . . . . . . . . . . . | 24 | 83 | 19,9 |
| En meðalverð allra landaura samantalið, . . . . . . . . . . . . | 161 | 6 | |
| og skift með 6, sýnir: **meðalverð allra meðalverða** . . . | **26** | **81** | **21,5** |

*Íslands stiftamt og skrifstofa biskups, Reykjavík, 24. Febrúar 1871.*

**Hilmar Finsen. P. Pjetursson.**

*Í prentsmiðju Íslands. Einar Þórðarson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í dag hefur Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi ritað mjer svo látandi brjef:

„Í þóknanlegu brjefi 8. þ.m. hefur herra Cancellíráð skýrt frá, að kjörfundur fyrir Reykjavíkur kaupstað hafi samdægurs verið haldinn til að kjósa fulltrúa úr flokki tómthúsmanna og hafi tómthúsmaður Jón Árnason í Stöðlakoti orðið fyrir kosningu með hlutkesti, þarsem hann og tómthúsmaður Jón Þórðarson hafi hlotið jafnmörg atkvæði.

„Fyrir því tilkynnist yður hjermeð til eigin þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendum, samkv. reglug. 27. nóv. 1846 § 12, að áðurnefnd kosning er af Stiptamtinu samþykkt."

Þetta gefst yður hjermeð til þóknanlegrar vitundar, að því viðbættu, að nefndur Jón Árnason hefur tekið móti kosningu þessari.—

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 15. Jan. 1872.

A. Thorsteinson

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúarnir, ásamt bæar-
=gjaldkeranum, eru beðnir að koma
til fundar í húsum mínum á
morgun (miðvikudag) kl 10 f m; til
þá að byrja niðurjöfnun á bæar-
=gjöldum fyrir yfirstandandi ár.

Rvik 2. april 72.

H Sveinsson

til

herra J Pjetursonar sjeð
" O Finsen sjeð
" E Þordarsonar sjeð
" O W Gíslasonar sjeð
" J Steffensen. sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð sendi jeg yður til afsvara á vana-
1. legan hátt, áætlun yfir tekjur og útgjöld
Reykjavíkur kaupstaðar fyrir 1871, sem þykkta
af Stiptamtsmanninum

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 10. Jan. 1871.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir ígjör ritað bæjarstjórninni þannig:

„Með þóknanlegu brjefi af 31. f. m. hefir „hin heiðraða bæjarstjórn út af brjefi frá „sýslumanninum í Gullbringusýslu lýst „því yfir, að hún væri fús til þess að taka „þátt í kostnaði, sem leitt hefir af vörð, „er settur hefir verið milli Laugarnesstofu „og Eiðis, til þess að verna hraðsu sýki „sem gekk bæði á Seltjarnarnesi og hjer í „bænum næstliðinn nóvembermán., þannig að „Reykjavík borgaði 1/4 part, jafnaðarsjóður „suðuramtsins 2/4 parta og Seltjarnarneshreppur 1/4 part þessa kostnaðar, „eptir að Stiptamtið hefði úrskurðað lögmæti „reikningsins, – og hefir bæjarstjórnin skotið

„málinu til úrlausnar stiptamtsins.
„Í þessu tilefni læt jeg ekki
„hjálíða hjermeð þjenustusamlega
„að gefa bæjarstjórninni til vitundar,
„að stiptamtið, eptir að upphæð reikn-
„ingsins er færð niður til 80rd 4ß, hefir
„leyft, að helmingur þessarar upphæðar
„40rd 2ß yrði borgaður úr jafnaðarsjóði
„Suðuramtsins, og samþykkir að 1/4
„partur upphæðarinnar samtals 20rd 1ß
„megi útborgast hreppstjórunum í
„Seltjarnarnesshreppi úr bæjarsjóði
„Reykjavíkur og færast til útgjalda í
„bæjarreikning þessa árs móti fram-
„leggingu kvittunar frá nefndum
„hreppstjórum. Þetta er tilkynnt sýslu-
„manninum í Gullbringusýslu, og hon-
„um boðið að borga hreppstjórum
„Seltjarnarness hreppi þá úr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„jafnaðarsjóðinum veitti 40rd 2ß, hvar á
„móti þeir sjálfir eiga að útvega 1/4
„part kostnaðarins."—

Þetta gefst yður hjermeð til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 25. Jan. 1871.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir hinn 16. þ.m. ritað mjer svo látandi brjef:

„Með þóknanlegu brjefi af 12. þ.m., hafið þjer, herra
„Kansellíráð, samkv. reglugjörð 27. nóv. 1846, skýrt Stipt-
„amtinu frá, að kjörfundur hafi verið haldinn hjá
„yður þann 7. þ.m. til þess að kjósa bæjarfulltrúa
„úr flokki borgaranna í stað faktors Þorvaldar Stephensen
„og endurskoðara hafnarsjóðsreikninganna í stað mála-
„flutningsmanns P. Melsted, að „respective“ 28 og 29 kjós-
„endur úr flokki borgaranna hafi gefið atkvæði, og að
„Cand. O. V. Gíslason hafi verið kosinn til bæjarfulltrúa
„með 24 atkvæðum og Konsúl E. Siemsen til endurskoðara
„einnig með 24 atkvæðum. Um leið hafið þjer sent
„mjer eptirrit af skriflegri yfirlýsingu frá 23 húseig-
„endum af borgurum, af hverjum þó 5 seinna brjef-
„lega hafa aptur kallað undirskriptir sínar, um að
„þeir af ástæðum, sem ekki viðvíkja kosningargjörð-
„inni hafi mótmælt kosningunni, — og getið þess,
„að kjörstjórnin hafi tilkynnt hlutaðeigendum, að
„hún geti ekki tekið mótmæli þessi til greina, þareð
„frestur sá, á hverjum samkv. reglug. 12. gr. sjerhverjum
„þeim, er nokkuð finnur að kosningunni ber að fram-
„koma með mótmælum sínum, nefnilega 8 dagar,
„er liðinn, án þess að nokkrar umkvartanir yfir henni
„eða úrskurðum þeim, er um hana hafa verið gefnir,
„sje innkomnar, — hefir Stiptamtið ekkert að athuga
„við hina umspurðu kosningargjörð nje við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„löglega kosningu O. V. Gíslasonar til bæjarfulltrúa
„og E. Siemsens til endurskoðara. Ennfremur
„hafið þjer, herra Kommsiráð, gefið Stiptamtinu
„til vitundar, að kjörfundur einnig hafi verið
„haldinn s. 7. þ. m. til þess að kjósa bæjarfull-
„trúa úr flokki tomthúsmanna, í stað bæjar-
„fulltrúa Jóns Pjeturssonar, sem hafði fengið lausn
„frá þessum starfa, og að enginn atkvæði hafi verið
„gefin, en að þar á móti brjef undirskrifað af
„35 tomthúsmönnum — sem einnig í afskript
„er sent Stiptamtinu — hafi verið lagt fram,
„hvar í þessir menn lýsta yfir, að þeir í þetta
„skipti vildu ekki neyta kosningarrjettar síns. —
„Í tilefni þessu hafið þjer getið þess, að, að yðar
„áliti væri bæjarstjórnin löglega samsett, þó að
„einn bæjarfulltrúa vanti, þegar til þess sjeu aðrar
„eins ástæður og þessar, sbr. grundvallarreglunni í 14.
„gr. reglugjörðarinnar, en að á hinn bóginn, ef til vill
„ætti að gefa kjósendunum aptur kost á því eptir
„hentuga tímalengd, svo sem innan útgöngu marz
„mán. þ. á. að kjósa sjer fulltrúa. —

„Það er nú sjálfsagt, að kosningar-
„rjettinum eptir reglug. 1846 er rjettindi, sem hver
„einstakur kjósandi sjálfkrafa getur sleppt, án
„þess að það fái neinn áhrif á hina löglega
„samsetningu bæjarstjórnarinnar, þó að einn vanti;
„enda þótt allir kjósendur úr hinum umgetna
„flokki taki ekki þátt í kosningunni, eins og
„hinir nefndu 35 hafa lýst yfir, að þeir ætluðu
„að gjöra. En þareð Stiptamtinu virðist líklegt,
„að ekki allir, ekki einusinni meiri hlutinn af
„tomthúsmanna flokki hafi sömu óskiljanlega
„meiningu um verkun þess, að þeir tóku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„ekki þátt í kosningunni, og þá, sem yfir-
„lýsing hinna 35 tómthúsmanna virðist
„vera byggð á, — álítur Stiptamtið rjettast,
„að nýju að gefa hinum áminnsta
„flokki kost á að kjósa sjer bæjarfull-
„trúa, og jeg skal því hjermeð þjenustu-
„samlega beiða yður, herra kanselíráð,
„umboðinu ásamt bæjarstjórninni
„að ráðstafa því, að ný kosning verði
„haldin á þann hátt, er reglugjörð 27. nóv.
„1846 skipar fyrir, þannig að kosningin
„fari fram einhverntíma í febrúar-
„mán. þ. á." —

Það gefst yður hjermeð til þóknanlegrar vitundar og
frekari ráðstöfunar.—

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 21. Janúar 1871.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg tillader mig hermed at underrette den ærede Communalbestyrelse om, at jeg med dette Aars Udgang önsker at fratræde min Post som Cassierer for Byens Commune og at min Eftermand kan blive udnævnt for at jeg til Ham kan afgive naar Regnskabets Summer hen efter Nytaar bliver aflagt. —

Ærbödigst
O. F. Möller

Til
Communal Bestyrelsen
i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Communal Bestyrelsen
Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verdi póstskipid <u>ekki</u> komid á morgun, bid eg fulltrúana ad koma til fundar á morgun kl 10 f m: í húsum mínum, til þá ad byrja á nidurjöfnun á bæargjöldum fyrir yfirstandandi ár m: H:

Reykjavík mánudag 20. marts 1871

H Sivertsen

herra J. Pjetursson sèd
O Finsen sjed
E Þordarson sjed
O V Gíslason sjed
Jón Arason
J Steffensen sjed

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

Yfir timbur- og múrhúsabyggingar þær, sem reistar hafa verið í Reykjavíkurkaupstaðarumdæmi, frá 1. April 1867 til 31 Marts 1868.

| No | Húseigenda nöfn | Heimili | Húsin | Breidd | Lengd | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| × 1. | Björn Guðlögsson | Bakka | Íbúðarhús | 6al 1' | 10 – 1' | Byggt frá stofni. |
| × 2 | Guðjohnsen P. Organisti | Tjarnargata | Inngönguskúr | 2 – 14' | 10 – 2' | Byggt frá stofni. |
| × 3 | Jón Olafsson – – | Timburgata | Íbúðarhús | 8 – „ | 12 – 2 | Byggt frá stofni. |
| × | Sami – – – – | – „ – | Inngönguskúr | 3 – 2' | 2 – 17' | |
| × 4 | Melsted S. Lektor – – | Lækjartorg | Geymsluhús | 10 – 6' | 18 – 2' | Byggt upp úr gömlu geymsluhúsi. |
| × 5 | Niels Eyjólfsson – – | Klöpp | Viðbót við hjall | 5 – 2 | 3 – 15' | Byggt frá stofni. |
| × 6 | Pjetur Pjetursson Biskup | Austurstræti | Íbúðarhús | 11 – 16 | 22 – 2' | Hjer eru öll hús á lóðinni No 7. í Austurstræti mæld, bæði þau sem eru ný og gömul, þareð eigi var hægt að mæla hina nýju byggingu útaf fyrir sig. |
| × | Sami – – – – – | – „ – | Skúr – – | 4 – 15' | 4 – „ | |
| × | Sami – – – – – | – „ – | do | 3 – 14 | 3 – 21' | |
| × | Sami – – – – | – „ – | Geymsluhús | 7 – 9' | 12 – „ | |
| × 7 | Smith, Bogi. snikkari – | Einarshús | Inngönguskúr | 5 – 2' | 2 – 2' | Þar stóð áður minni inngönguskúr. |
| × 8 | Smith M. Consul – | Hafnarstræti | Geymsluhús | 12 – 1' | 11 – 15' | Þar stóð áður minna geymsluhús. |
| × 9 | Thorsteinson A. Cancelliráð | Austurstræti | Geymsluhús | 11 – 22' | 14 – 14' | Þar stóð áður minna hús, (Archiv). |
| × 10 | Thorsteinsen E. ekkjufrú | Grjótagata | Geymsluskúr | 5 – 2' | 8 – 1' | Byggt frá stofni. |
| × 11 | Thomsen A. Kaupmaður | Hafnarstræti | Geymsluhús | 9 – 15' | 18 – 1' | Byggt frá stofni |

Reykjavík, 23 Marts 1868.

Gíslason. Jón Borgfirðingur.

× Th Stephensen
× A Thomsen
Chr: Gíslason Görðum
udg O Finsen
Ingimundur Sigurðsson
Frú J Melsted

Menni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




245

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að senda hinni heiðruðu bæjarstjórn bréf Stiptamtsins dags. 15 þ. m. komið hingað í gærkvöldi hvar beðið er um álit bæjarstjórnarinnar um það hvört að hún fyrir sitt leyti finni ástæðu til að fresta aðgjörð á þjóðveginum, eptir áskoran herra Yfirréttarmála-færslumanns J. Guðmundsonar í meðfylgjandi bréfi til Stiptamtmannsins dags. 13 þ. m. og er einnig beðið ýtarlegri upplýsinga hjá bæjarstjórninni um nokkur önnur atriði, einkum um málefnið yfir höfuð, ~~þann~~ svo og um það hvörnig hafi staðið á fjærveru eins af bæjarfulltrúunum Factor Th. Stephensen á fundi 6 þ. m. í hvörju efni eg til skýringar læt meðfylgja vottorð fundarboðans lögregluþjóns J. Borgfirðings, samt um það hvört að bæjarfulltrúi J. Þórðarson ekki hafi sýnt Stiptamtmanni vegarstefnu þá er hann hélt fram, og bæjarfulltrúi Ól. Jónsson þeirri er hann mælti fram með.

Skjölin óskast endursend ásamt svari bæjarfulltrúanna, og læt eg þess getið að eg fyrir mitt leyti legg það á vald bæjarfulltrúanna hvört þjóðvegargjörðinni á sumar skuli frestað, en í sjálfu sér á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinn bóginn sem bæarfógeti hefi ekkert að athuga við að þjóðvegargjörðinni sé framhaldið á sumar af því fé sem að veitt hefir verið til vegagjörða með áætlun fyrir árið 1868

Skrifstofu Bæarfógeta í Reykjavík 18 Júní 1869

AThorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik d. 7nde September 1868.

Eg leyfi mjer hjermed allra audmjúkast samkvæmt því sem eg hefi munnlega ámálgad vid formann hinnar heidrudu bæjarstjórnar — ad bidja hana ad koma saman hid allra fyrsta til þess ad gefa álit sitt um rennu er eg hefi áformad med hennar adstod og samþykki eptir því sem nákvæmar verdr ákvedid ad leggja ígegnum hina svonefndu Grjótagötu rétt fyrir ofan hús mitt

Vinsamlegast

Jon Ólafsson

Til

hinnar heidrudu Bæjarstjórnar í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

hinnar heidrudu Bæjarstjórnar

í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð læt jeg ekki hjá líða, að senda hinni heiðruðu bæjarstjórn, til þóknanlegra frekari aðgjörða, útskript af byggingarnefndarbók Reykjavíkur kaupstaðar, viðvíkjandi útvíkkun á lóð hins lærða skóla í Reykjavík, og óskast það útskript endursend sem fyrst. –

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 4. Aug. 1868.

AThorsteinson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]

Jón Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir hinn 9. þ. m. skrifað
mjer þannig:

"Að lögstjórnin undir 12. f. m.
hafi lagt samþykki sitt á lántöku
þá uppá 400 Rdl., sem bæjarstjórnin
hefir ráðizt í til þess að geta lagt
veg yfir Hlíðarhúsalóð og gjört þar
aðrar fyrir eptirkomendurna
nauðsynlegar vegabætur, uppá
þá skilmála, að lánið skuli
endurborga og ávaxta með 6%
árlega í næstu 28 ár. Það læt
jeg ekki hjálíða að gefa Yður, herra
Cancellíráð, til þóknanlegrar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vitundar og auglýsingar
fyrir bæjarfulltrúunum," —

Þar gefst ykkur hjermeð til þóknanlegrar vitundar. —

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 27 júlí 1868.

A Thorsteinson

Til
Bæjarfulltrúanna í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

au-

li 1868.

k. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 31. f.m. hefir Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi skrifað bæjarstjórninni þannig:

„Í þóknanlegu brjefi af 27. þ.m. hefir hin heiðraða bæjarstjórn, undir því að skýra frá, að kvatt hafi verið til almenns borgarafundar samkvæmt brjefi Stiptamtsins af 17. þ.m. til þess að leita atkvæða um hvort taka skuli lán til þess í að koma af endurbót þeirri sem byrjuð er á þjóðvegi þeim er til bæjarins liggur, og að borgarafundur þessi með 10 atkvæðum gegn 5 hafi fallist á að taka þvílíkt lán að upphæð 800 rd fyrir reikning bæjarsjóðsins móti árlegri 4% rentu og 200 rd árlegri endurborgun á árunum 1870, 1871, 1872 og 1873, – beiðst myndugleika til að taka lán þetta uppá nefnda skilmála.

Í þessu tilefni veitir Stiptamtið

hjermeð hinn umbeðna myndugleika, að áskildu samþykki lögstjórnarinnar og samkvæmt reglugjörð 27. Nov. 1846 § 24, til að taka umgetið lán í því skyni, að fullgjöra á þessu ári aðalbót þá sem bygjað er á við alfaraveg bæjarins."

Hvað jeg hjermeð ekki læt hjálíða að gefa hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu Bæjarfógeta í Reykjavík, 19. Aug. 1868.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefndin hefir eins og sést
af meðfylgjandi útskript úr gjörðabók hennar útvís-
að konsúli E. Siemsen bæarstæði. Með því þetta
bæarstæði er í Reykjavíkr landi fyrir utan hina
eginlegu kaupstaðarlóð, þá verðr ~~henni~~ útvísaninni
hérmeð skotið til samþykktar bæarstjórnarinnar.
Með svari bið eg um útskriptina endrsenda

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 11 maí 1868

A. Thorsteinsson

Til
bæarstjórnar Reykjavíkr kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/.

Eins og sèst af meðfylgjandi útskript úr byggingarnefndarbók Reykjavíkr kaupstaðar, hefir bygginganefndin ávísað Pètri organista Gudjohnsen lóðarspildu fyrir sunnan húsið № 2 & 3 í Tjarnargötu. Með því, að lóðarspilda þessi hefir verið brúkuð sem vegr, þó að það ekki sjáist, að hans þurfi með fyrir þá, sem búa í grendinni, hefi eg ekki viljað skjóta þessarri útvísun til samþykktar stiptamtsins, fyrr en eg væri búinn að spyrja hina heiðruðu bæarfulltrúa um álit þeirra. Með svari hinna heiðruðu bæarfulltrúa óska eg endursenda útskriptina, sem hérmeð fylgir.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 5 maí 1868

A Thorsteinson

Til

bæarfulltrúanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg hefi fyrir ekki löngu látid byggja dálitid geymslu-
hús fyrir ofan íbúdarhús mitt, og í þessu geymsluhúsi
látid gjöra kjallara, en sá kjallari ætlar ad verda
mér ónýtur, og jafnvel gjöra mér stórskemdir, af því
ad vatn rennur inní hann úm vestur og nordur-
vegginn. Mér er mikid um ad gjöra, ad rádin yrdi
bót á þessum galla ef mögulegt væri. Og mér er sagt,
ad þetta megi takast, ef rennan fyrir nordan þetta
geymsluhús, sem liggur medfram götunni milli
minnar lódar og Frú Sveinbjörnsons lódar, væri gjörd
nokkud dýpri og svo úm hana búid, ad vatnid,
sem stýflast vid kjallarahús-hornid hjá mér, gæti
fengid greida framrás ofan eptir rennunni sem
þar er og sem bæarstjórnin hefir látid gjöra, en
sem er of grunn og gjörfallin. Þessvegna vil eg nú inni-
lega bidja hina heidrudu bæarstjórn ad líta á þetta
mál, og láta sér þóknast ad gjöra þá rádstöfun,
ad téd vatnsrenna yrdi dýpkud svo og hladin,
ad eg gæti verid óhultr úm, ad vatn renni ekki
í kjallarann. Af því eg get vísad á mann, sem
trúa mætti til ad gjöra þetta verk vel og vandlega,
og af því sá madur fer hédan eptir rúman hálfan
mánud, þá leyfi eg mér ad beidast þess, ad hin
heidrudu bæarstjórn láti mig vita sem fyrst, hvort
hún vill láta gjöra þetta fyrir mig edur eigi.

Reykjavík 24. Apr. 1868

Ingileif Melsteð

Til
Bæarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að senda hinum heiðruðu bæarfulltrúum útskrift af byggingarnefndarbók Reykjavíkurkaupstaðar, hvarmeð byggingarnefndin hefir ávísað Assistent N. Japhetssyni hússtæði á Hlíðarhúsalóðinni fyrir veitan hús Madme Þorbjarga Jónsdóttur, og hefir byggingarnefndin mælt fram með því að hússtæði þetta verði afstaðið. Efað nú hinir heiðruðu bæarfulltrúar einnig samþykkja þessa útvísan óska eg að ákveðið verði eptir medfylgjandi skilmála 2 grein um leiguna í afgjaldi á blettinum No 1 á Hlíðarhúsalóðinni samkvæmt medfylgjandi leiguskilmálum, eptir og óska eg að þeir eptir afnotin ásamt medfylgjandi útskrift af byggingarnefndarbókinni verði mér

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurvendist ávarnt þóknanlegri svari.

Skrifstofu Bæarfogeta í Reykjavik 4 April 1868

A Thorstensen

Til

Bæarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

68

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur